



## Stjórn SSH 529. fundur

Mánudaginn 4. október 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar í bæjarstjórnarsal Kópavogs, Hábraut 2.

Fundinn sátu: Gunnar Einarsson, formaður stjórnar, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarfolk SSH. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Fjárhagsáætlunir sveitarfélaga 2022 / málsnr. 2110001

Umræða um fjárhagsáætlunir sveitarfélaganna fyrir árið 2022. Formaður leggur til að stjórn fundi með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins til að ræða þær áskoranir sem nú eru upp í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

#### Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða og formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa slíkan fund.

### 2. Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Umfjöllun um stöðu mála að því er varðar uppbyggingu á skíðasvæðunum. Fyrirliggjandi eru fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 13. september 2021, 17. september 2021 og 28. september 2021 auk minnisblaðs Hildigunnar Hafsteinsdóttir lögfræðings SSH, dags. 30. september 2021. Framkvæmdastjóri fer yfir og kynnir helstu áherslupunkta sem m.a. koma fram í fundargerðum verkefnahóps. Gestir fundarins undir þessum lið eru Magnús Árnason, forstöðumaður skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Einar K. Stefánsson, VSÓ ráðgjöf, verkefnastjóri.

#### Niðurstaða fundar:

Fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins lagðar fram til kynningar.

### 3. Gönguskiði – uppbygging aðstöðu / málsnr. 2104007

Fyrir liggur minnisblað Einars K. Stefánssonar, VSÓ ráðgjöf, dags. 13. september 2021, þar sem fjallað er um niðurstöður verðkönnunar vegna jarðvinnu og lagna vegna uppbyggingar salernisaðstöðu. Samið hefur verið við lægstbjóðanda, sem jafnframt uppfyllir hæfisskilyrði verðkönnunar, um þennan þátt verksins, enda var tilboð hans innan kostnaðaráætlunar og þeirra



fjárheimilda sem eru til staðar vegna uppbyggingar aðstöðu fyrir gönguskíðafólk. Framangreint var borið undir samþykki stjórnar með tölvupósti framkvæmdastjóra, dags. 13. september 2021, en framangreint minnisblað var jafnframt meðfylgjandi þeim pósti, og bárust engar athugasemdir. Skoðun og yfirferð hvað varðar aðra þætti framkvæmdanna, þ.e. húsið sjálft, stendur yfir. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu mála, en tilboð voru opnuð hinn 23. september 2021. Gestur fundarins undir þessum lið eru Magnús Árnason, forstöðumaður skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Einar K. Stefánsson, VSÓ ráðgjöf, verkefnastjóri.

*Haraldur Sverrisson fer af fundi kl. 12:55.*

#### **Niðurstaða fundar:**

Stjórn staðfestir samþykkt tilboðs G.Ó verks ehf. sem var lögstjóðandi í verðkönnun vegna jarðvinnu og lagna vegna almenningsalerna á Bláfjallasvæðinu.

Frekari umræðu um útboð á salernishúsi er frestað.

#### **4. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001**

Fyrir liggur að öll hlutaðeigandi sveitarfélög hafa nú tilnefnt fulltrúa í stefnuráð byggðasamlaganna en á 525. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað í fundargerð:

*Skrifstofu SSH er falið að senda drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt verði beiðnir um tilnefningar á fulltrúum í stefnuráð sendar sveitarfélögunum en tilnefningar skulu liggja fyrir 15. ágúst nk. Málinu verði fylgt eftir með kynningu óski sveitarfélögin þess.*

Þá liggja fyrir drög að samningi við Strategíu ehf. vegna áframhaldandi ráðgjafar auk draga að verkáætlun. Framkvæmdastjóri kynnir.

#### **Niðurstaða fundar:**

Áætlað er að halda fyrsta fund stefnuráðs um miðjan nóvember. Er framkvæmdastjóra, í samráði við formenn stefnuráðs, falinn undirbúningur og boðun þess fundar. Þá er framkvæmdastjóra falið að útfæra verkáætlun til samræmis við framangreint og ganga til samninga við Strategíu ehf. á grundvelli þessa.

#### **5. Fjárhagsáætlun SSH 2022 / málsnr. 1910010**

Lögð eru fram drög að rekstraráætlun fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri kynnir.

#### **Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir að fyrirbyggjandi drög að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og greinargerð SSH vegna ársins 2022 verði send fjármálastjórum sveitarfélaganna til kynningar. Endanleg tillaga



að fjárhagsáætlun verður lögð fram á stjórnarfundum SSH 1. nóvember og til samþykktar á aðalfundi SSH 12. nóvember nk.

## 6. Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins / málsnr. 2102010

Á 525. fundi stjórnar var samþykkt að halda áfram vinnu við verkefnið sbr. tillögur sem komu fram í minnisblaði verkefnastjóra. Þar skyldi skoða sérstaklega fjármögnun og tekjumódel með hagaðilum, ásamt tilflutningi verkefna. Þar skyldi horft til þeirrar vinnu um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu til framtíðar sem þegar hafði farið fram um verkefnið í áfanga 1. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra var falið að hefja viðræður við ríkið, sem og atvinnulífið, um fjármögnun og samstarf vegna þessa verkefnis. Formaður og framkvæmdastjóri SSH áttu fund með atvinnu- og nýsköpunarráðherra í júní 2021 til að ræða aðkomu ráðuneytisins. Fyrirliggjandi er tölvupóstur skrifstofu ferðamála og nýsköpunar dags. 7. september 2021 um aðkomu ráðuneytis að stofnun áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Þá er fyrirliggjandi minnisblað verkefnastjóra dags. 30. september 2021 um fjármögnun og tekjumódel fyrir árið 2022. Inga Hlín Pálsdóttir verkefnastjóri og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstóri eru gestir fundarins undir þessum lið. Inga Hlín Pálsdóttir kynnr framangreint.

*Karl M. Kristjánsson fer af fundi kl. 13:07.*

### Niðurstaða fundar:

Ofangreint verði sent til kynningar og umræðu hjá aðildarsveitarfélögum. Jafnframt verði þeim sveitarfélögum sem þess óska boðið upp á sérstaka kynningu um málið. Í framhaldi af því verður málið tekið fyrir á ný hjá stjórn.

## 7. Rjóðrið – þjónusta við langveik börn / málsnr. 2109005

Fyrirliggjandi er tilkynning LSH, dags. 2. júlí 2021, um þá ákvörðun að frá og með næstu áramótum muni einungis börn sem ekki njóti þjónustu annars staðar, s.s. í skammtí mavistun, en þurfi veikinda sinna vegna að fá hvíldar- og endurhæfingarinnlagnir á 3. línu heilbrigðisstofnun fá dvalartíma í Rjóðri. Þá kemur fram í tilkynningunni að þetta muni óhjákvæmilega hafa þau áhrif að sumir foreldrar muni óska eftir aukinni þjónustu frá sínu sveitarfélagi. Þá er fyrirliggjandi er bókun frá samráðshópi stjórnenda í velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, dags. 18. ágúst 2021, vegna þeirra ákvörðunar LSH að takmarka þjónustu Rjóðursins við börn sem ekki njóti þjónustu annars staðar. Gagnrýnir hópurnir að slík ákvörðun sé tekin án samtals og samráðs við sveitarfélög, enda girði þjónusta sveitarfélaganna ekki fyrir þá skyldu heilbrigðiskerfisins að þjónusta langveik börn. Þá liggur fyrir bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. september 2021, þar sem óskað er eftir því að sambandið og SSH hafi samráð varðandi það hvernig brugðist verði við framangreindu. Er þá óskað eftir því að SSH tilnefni tengilið við sambandið vegna þessa. Gerð er tillaga um að Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamála sviðs Garðabæjar og formaður samráðshóps stjórnenda í velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, verði tilnefnd sem tengiliður SSH við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þessa máls.

### Niðurstaða fundar:



Stjórn tekur undir bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. september þess efnis að óskað verði eftir frekari skýringum af hálfu Landspítalans. Þá er stjórn SSH sammála um að hafa samráð um hvernig brugðist verði við erindinu. Er Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldu og barnamálasviðs Garðabæjar og formaður samráðshóps stjórnenda í velferðarþjónusta á höfuðborgarsvæðinu tilnefnd sem tengiliður SSH við Sambandið vegna þessa máls.

## 8. Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins / málsnr. 2109010

Fyrirliggjandi er minnisblað frá velferðarsviði Reykjavíkur, dags. 7. september 2021, um umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins, þ.e. hvernig starfi þess og kostnaðarskiptingu gæti verið háttáð ákveði sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að sameinast um starfsemi umdæmisráðs, á grundvelli nýrra laga um breytingar á barnaverndarlögum sem gildi taka 1. janúar nk. Hefur minnisblaðið verið tekið fyrir á fundi samráðshóps stjórnenda í velferðarþjónustu, dags. 8. september 2021, og var eftirfarandi bókað í fundargerð þess fundar vegna málsins.

*Umdæmiráð barnaverndar – til umræðu.*

- *Katrín Helga Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri barnaverndar Reykjavíkur, situr fundinn undir þessum lið.*
- *Katrín skrifaði minnisblað þar sem lagt er til að höfuðborgarsvæðið verði með sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar skv. lögum um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.) sem taka gildi 1. janúar n.k. Í minnisblaðinu er að finna grófa kostnaðaráætlun.*
- *Mat skv. minnisblaðinu er að með sameiginlegu umdæmisráði verði markmiðum frumvarpsins um faglega meðferð barnaverndarmála og sjálfstæði frá almennri stjórnarsýslu sveitarfélaga betur náð en ef hvert sveitarfélag hefur sitt umdæmisráð. Gert er ráð fyrir að sameiginlegt umdæmisráð sjái um utanumhald funda og úrskurða.*
- *Ræða þarf hjá hverju og einu sveitarfélagi viljann til slíks samstarfs.*

Jafnframt er fyrirliggjandi minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur lögfræðings SSH, dags. 29. september 2021. Er þar m.a. að finna tillögu um að stjórn fái frekari kynningu á málinu á næsta reglulega fundi sínum. Er framangreint lagt fyrir stjórn til umfjöllunar.

### **Niðurstaða fundar:**

Ekki gafst tími til að taka þennan dagskrárlið til umræðu og er honum því frestað.

## 9. Fjölsmiðjan – rekstur og fjárhagur / málsnr. 1501007

Umræður um langtímafjármögnun Fjölsmiðjunnar. Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar og Ellen J. Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar eru gestir fundarins undir þessum lið og kynna verkefni og fjárhagsstöðu Fjölsmiðjunnar en til að viðhalda starfsemi vantar viðbótarfjárframlag til rekstursins. Viðræður við aðra bakhjarla, þ.e. Vinnuálastofnun



og mennta- og menningarmálaráðuneytið standa yfir en einnig er farið fram á framlög frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Niðurstaða fundar:**

Stjórn tekur vel í frekari fjárhagslegan stuðning við Fjölsmiðjuna en áður en ákvörðun verður tekin óskar stjórn eftir því að vera upplýst um ferli viðræðna við aðra aðila um frekari fjárframlög eftir því sem þeim vindur fram. Málið verður svo tekið fyrir á ný.

#### **10. Kynningarfundir fyrir kjörna fulltrúa / málsnr. 2101007**

Á 528. fundi stjórnar var skrifstofu SSH falið að gera rafræna skoðanakönnun meðal kjörinna fulltrúa varðandi t.a.m. æskilega tíðni funda og hvaða efni væri rétt að taka fyrir á næstunni. Sú könnun hefur nú verið gerð og er nánari grein gerð fyrir niðurstöðum hennar í fyrirliggjandi minnisblaði Hildigunnar Hafsteinsdóttur lögfræðings SSH, dags. 27. september 2021.

#### **Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

#### **11. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010**

- a) Betri samgöngur ohf. vinna nú að skoðun flýti- og umferðargjalda og hafa óskað eftir tilnefningu SSH á einum fulltrúa til að vinna áfram að málinu með félaginu. *Málsnr. 2110004.*

#### **Niðurstaða fundar:**

Stjórn SSH tilnefnir Jón Kjartan Ágústsson sem fulltrúa samtakanna til að vinna að áframhaldandi skoðun flýti- og umferðargjalda með Betri samgöngum ohf.

- b) Framlög sveitarfélaga til Samgöngusáttmálans árið 2022. Áætlun Betri samgangna ohf. um framlög sveitarfélaganna til Samgöngusáttmálans árið 2022 lögð fram til kynningar og verður í kjölfarið send sveitarfélögunum.

#### **Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

#### **12. Sóknaráætlanir landshluta - greinargerð / málsnr. 1906002**

Fyrirliggjandi er *Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2020* vegna sóknaráætlunar landshluta, dags. september 2021 og er hún lögð fram til kynningar.



**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**13. Almenningsamgöngur – endurskoðun samkomulags / málsnr. 2109004**

Með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 2. september 2021, var óskað eftir tilnefningu SSH á þremur einstaklingum í starfshóp sem vinna skuli tillögu að endurskoðuðu samkomulagi um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Skyldu tilnefningar berast fyrir 16. september 2021. Til samræmis við tillögu framkvæmdastjóra, sem kom fram í tölvupósti til stjórnar, 9. september sl., voru Birgir Björn Sigurjónsson, Guðrún Edda Finnbogadóttir og Páll Björgvin Guðmundsson tilnefnd af hálfu SSH, og var ráðuneytinu tilkynnt um það með bréfi, dags. 14. september 2021. Voru þau skipuð í starfshópinn, samkvæmt bréfi ráðuneytisins dags. 21. september 2021. Er framangreint lagt fram til staðfestingar.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn staðfestir tilnefningu Birgis Björns Sigurjónssonar, Guðrúnar Eddu Finnbogadóttur og Páls Björgvins Guðmundssonar í starfshóp sem vinna skuli tillögu að endurskoðuðu samkomulagi um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

**14. Almenningsamgöngur – tillögur að fyrirkomulagi / málsnr. 2109008**

Með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 14. september 2021, var óskað eftir tilnefningu SSH í starfshóp sem er ætlað það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi. Óskað var eftir tilnefningu karls og konu til samræmis við ákvæði jafnréttislaga. Skyldu tilnefningar berast eigi síðar en 17. september 2021. Til samræmis við tillögu framkvæmdastjóra, sem kom fram í tölvupósti til stjórnar, 16. september sl., voru Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson tilnefnd af hálfu SSH, og var ráðuneytinu tilkynnt um það með bréfi dags. 14. september 2021. Var Páll Björgvin Guðmundsson skipaður í starfshópinn, samkvæmt bréfi ráðuneytisins dags. 21. september 2021. Er framangreint lagt fram til staðfestingar.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn staðfestir tilnefningu Hildigunnar Hafsteinsdóttur og Páls Björgvins Guðmundssonar í starfshóp sem vinna skuli tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi.

**15. Reglugerð um fráveitumál / málsnr. 2109006**

Á 528. fundi stjórnar setti bæjarstjóri Hafnarfjarðar fram fyrirspurn varðandi kostnaðarauka sem fyrirséð væri að sveitarfélögin yrðu fyrir vegna nýrra reglna um fráveitur. Var framkvæmdastjóra falið að skoða málið nánar. Var í kjölfarið leitað eftir upplýsingum um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í kjölfarið ákvað stjórn, með tölvupóstsamskiptum, hinn



10. september, að senda bréf til þingmanna höfuðborgarsvæðisins og liggur afrit þess fyrir fundinum. Jafnframt er fyrirbyggjandi bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. september 2021, til umhverfis- og auðlindaráðherra. Í því bréfi kemur m.a. fram tillaga sambandsins um að skipaður skuli samráðshópur sem verði falið að móta raunhæfar tillögur um hvernig hraða megi uppbyggingu fráveitna. Í bréfinu kemur einnig fram að nú liggi fyrir að ekki ný reglugerð verði ekki sett án frekara samráðs við sambandið. Er ofangreint lagt fram til kynningar.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**16. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 73. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 30. ágúst 2021.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**17. Önnur mál**

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.